

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 16. október 2009

Morgunverðarfundur: Hlutverk lífeyrissjóða í endurreisninni

Fimmtudaginn 22. október næstkomandi stendur Viðskiptaráð Íslands fyrir morgunverðarfundum á Hilton Reykjavík Nordica um hlutverk lífeyrissjóðanna í því starfi sem framundan er við endurreisn hagkerfisins. Fundurinn er haldinn í tilefni af nýútgefinni skoðun Viðskiptaráðs, þar sem ráðið lagði fram hugmyndir að fjölbreyttari og umfangsmeiri aðkomu sjóðanna en rætt hefur verið um á undanförunum misserum.

Framsögumenn á fundinum verða Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Heimur, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða og Frosti Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Að erindum loknum munu framsögumenn svara spurningum fundargesta í pallborði. Fundarstjóri verður Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Fundargjald er 2.900 kr. með léttum veitingum.

Skráning fer fram á vef [Viðskiptaráðs](http://viðskiptaraad.is) eða með því að senda póst á birna@vi.is.

Ný skoðun Viðskiptaráðs: Þátttaka lífeyrissjóða í endurreisnarstarfi

Þrátt fyrir þær miklu efnahagslegu þrengingar sem nú standa yfir veita ýmsir grundvallarþættir íslenska hagkerfisins mikilvæga viðspyrnu sem munu vafalaust gagnast til að mýkja áhrif fjármálakreppunnar. Einn af þeim er lífeyrissjóðakerfið sem er hlutfallslega meðal þeirra stærstu í heiminum. Þetta má fyrst og fremst rekja til fjármögnunarfyrirkomulags þeirra, en víða erlendis eru lífeyrisskuldbindingar fjármagnaðar í gegnum skattkerfið jafnóðum í stað þess að greitt sé í sjóði líkt og tíðkast hér. Ávöxtun síðustu ára hefur að miklu leyti þurrkast út vegna hruns íslensku bankanna, en eftir stendur að miklar greiðslur hafa runnið og munu renna inn í kerfið og það stendur því ennþá sterkt.

Í dag er íslenskum launþegum skylt að leggja 12% af launum sínum inn í lífeyriskerfið. Til viðbótar er valkvæður séreignasparnaður en þar er atvinnurekendum skylt að leggja fram mótframlag að lágmarki 2%. Launafólk sem velur að safna séreignasparnaði greiðir því í heildina allt að 18% launa sinna inn í kerfið. Heildariðgjöld inn í lífeyrissjóðakerfið árið 2008 námu tæplega 116 ma.kr. og iðgjöld umfram útgreiðslur námu um 62 ma.kr. Það er því ljóst að stór hluti launatekna landsmanna rennur inn í lífeyriskerfið til framtíðarávöxtunar. Fyrirkomulag og ráðstöfun lífeyrissjóðanna hefur því mikil og bein

áhrif á lífskjör í landinu.

Það væri óskynsamlegt að leggja í illa ígrundaðar kollsteypur á lífeyrissjóðakerfinu þrátt fyrir þær miklu þrengingar sem nú standa yfir. Engu að síður er mjög mikilvægt að kanna alla fleti þess að lífeyrissjóðirnir verði nýttir til að efla viðnám hagkerfisins, án þess að langtímahagsmunum þjóðarinnar sé ógnað. Þegar hefur verið ákveðið að lífeyrissjóðir komi að fjármögnun stórfamkvæmda samkvæmt stöðugleikasáttmála stjórnvalda og fulltrúa vinnumarkaðarins. Aðkoma lífeyrissjóðanna getur bæði verið fjölþættari og umfangsmeiri ef slíkt er talið þjóna hagsmunum þjóðarinnar. Hugmyndir í þá veru er mikilvægt að skoða fordómalaust og með hagsmuni komandi kynslóða í huga jafnt sem núverandi sjóðsfélaga.

Skoðunina í heild má lesa [hér](#).

Styðjum velferð frekar en opinber útgjöld

Tómas Már Sigurðsson, formaður Viðskiptaráðs, ritaði eftirfarandi grein í Fréttablaðið í vikunni:

Þegar kakan minnkar eykst baráttan um bitana. Þetta er lögmál sem hefur einkennt sögu mannkyns frá örófi alda. Lönd sem búa við hagsæld og batnandi lífskjör eru mun ólíklegri til að upplifa pólitískan óstöðugleika og samfélagslega sundrung heldur en þau sem búa við kröpp kjör og versnandi lífskjör. Ísland er lifandi sönnun þess.

Með hliðsjón af þessu er ljóst að verkefni stjórnvalda næstu misserin verður ekki auðvelt. Engum dylst að þörf er á verulegri hagræðingu í rekstri hins opinbera vegna stóraukinna skulda ríkissjóðs, óhóflegar útpenslu í ríkisútgjöldum undanfarin ár og verulegs samdráttar í skatttekjum.

Lausnir í stöðunni eru tvær, auknar skatttekjur eða niðurskurður útgjalda. Óraunhæft verður að teljast að hægt sé að notast eingöngu við aðra leiðina og því má nánast sjálfkrafa gera ráð fyrir einhvers konar blöndu beggja. Hvorug þessara aðgerða er vinsæl enda fela báðar í sér rýrnun lífsgæða fyrir einhverja. Nú þegar umræðan einkennist af sundrung og hnútukasti er því enn nauðsynlegra en ella fyrir stjórnvöld að velja leið sem byggir á hagsýni, raunsæi og varðstöðu um heildarhagsmuni. [Lesið áfram...](#)

Bjartsýnishorn

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem

eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Eignir Landsbankans duga fyrir um 90% af Icesave-skuldbindingunum** samkvæmt formanni skilanevndar bankans, en samkomulag milli stjórnvalda, skilanevndarinnar og NBI um uppgjör á eignum og skuldum vegna skiptingar bankans var undirritað í vikunni.
- **Verðbólga hérlendis hefur lækkað samfellt frá því í janúar** og nam lækkunin í september 0,7% prósentustigum skv. samræmdri vísitölu neysliverðs á EES-svæðinu.
- **Ferðamálastofa, ásamt fjölda annarra aðila, leggur í 170 mkr. átak til kynningar á íslenski ferðapjónustu á erlendri grundu**, frá október á þessu ári til mars 2010.
- **Bandaríska lyfjafyrirtækið Alvogen Group ætlar sér að byggja upp hluta af stoðsviðum sínum hérlendis** sem kemur eflaust vel við vinnumarkaðinn.
- **Fjármálaráðherra bindur vonir við að endurreisn bankanna verði lokið 1. nóvember næstkomandi**, en gangi áætlanir eftir verður fjárbinding ríkissjóðs að öllum líkindum mun minni en upphaflega var gert ráð fyrir.
- **Fjöldi farþega á vegum Icelandair í síðasta mánuði var um 8% meiri en í september í fyrra**, sem gefur til kynna að erlendir ferðamenn ætli sér að nýta gengi krónunnar yfir vetrarmánuðina.
- **Skattaumhverfi þróunar- og nýsköpunarfyrirtækja verður gert hagstæðara** með frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem miðar að bættum samkeppnisskilyrðum slíkra fyrirtækja.
- **Erlendir kröfuhafar Glitnis eignast 95% í Íslandsbanka** og er uppgjóri vegna þeirra eigna sem færðar voru til Íslandsbanka við fall bankanna nú lokið. Með þessu lækkar kostnaður ríkissjóðs vegna endurreisnar bankakerfisins um 37 ma. kr.
- **Íslenska samheitalyfjafyrirtækið Portfarma hefur samið við eitt stærsta lyfjasölufyrirtæki Eystrasaltsríkjanna um dreifingu og sölu lyfja fyrirtæksins**, sem vafalaust verður gjaldeyrisskapandi fyrir þjóðarþúið.
- **Þó nokkur bandarísk stórfyrirtæki hafa skilað góðu uppgjóri á þriðja ársfjórðung þessa árs**, t.a.m. Goldman Sachs, JPMorgan Chase, Intel, Citigroup og Google.
- **Heildarafli íslenskra skipa í síðasta mánuði var 18,5% meiri en á sama tíma í fyrra**, en aflinn hefur aukist um tæp 7% það sem af er ári.
- **Ríkið getur aflað 90 milljarða án skattahækkana** skv. þingályktunartillögu sem lögð hefur verið fram á Alþingi.
- **Skuldatryggingarálag á ríkissjóð fer lækkandi** eftir skarpa hækkun í síðustu viku og stendur álagið nú í tæpum 400 punktum.
- **Iðnaðarframleiðsla á evrusvæðinu hefur aukist fjóra mánuði í röð** sem hagfræðideild Danske Bank telur stórt skref út úr kreppunni.
- **Ísland er í 1. sæti yfir þau lönd sem teljast heppilegust fyrir rekstur á netþjónabúum og gagnasetrum** skv. forstjóra fyrirtækisins Tishman Technologies

Góða helgi.